

Tillaga áheyrnarfulltrúa kennara og skólastjóra í grunnskólum sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 18. ágúst 2020:

Skóla- og frístundaráð lýsir ánægju sinni með þann mikilvæga áfanga sem náðst hefur í kjarasamningsgerð við Félag Grunnskólakennara þann 10.07. 2020. Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara endurnýjuðu þá viðræðuáætlun milli aðila. Með viðræðuáætluninni fylgir eftirfarandi bókun sem aðilar vilja vekja sérstaka athygli á. Innleiðing bókunarinnar nú í skólabyrjun í skólum borgarinnar er afar mikilvæg. Á þessu hausti er skólastarf að hefjast við krefjandi aðstæður í skugga Covid-19 faraldurs og því mikilvægt að nýta þann sveigjanleika sem kjarasamningur aðila inniheldur til að halda uppi venjubundnu skóla- og frístundastarfi þar sem heilbrigði og öryggi barna og starfsmanna er í forgangi.

Bókun með viðræðuáætlun 10. júlí 2020

Sveigjanlegt vinnumhverfi

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að sá gagnkvæmi sveigjanleiki sem kjarasamningurinn inniheldur um vinnuskil kennara bæði í tíma og til vinnu utan vinnustaðar sé nýttur til fullnustu þegar því er viðkomið í samræmi við framkvæmd skólastarfs. Bætt tækni í fjarvinnu og fjarkennslu hefur gerbreytt möguleikum til aukins sveigjanleika í störfum kennara og skapað ný tækifæri í skipulagi skólastarfs. Svigrúmið sem þetta veitir stuðlar einnig að auknu samræmi á milli vinnu og einkalífs og að bættri vinnustaðamenningu. Skólastjóri ákveður vinnutíma kennara samkvæmt gildandi lögum og kjarasamningi. Samningsaðilar eru sammála um að sveigjanlegt vinnumhverfi er forsenda þess að kennarar eins og aðrir þekkingarstarfsmenn geti mætt og aðlagð sig að þeim fjölbreyttu skyldum, kröfum og aðstæðum sem þeim mæta. Við gerð vinnuskýrslu sem gera skal í upphafi hvers skólaárs samkvæmt gr. 2.1.6.1 skal skipuleggja vinnu hvers kennara með framangreint að leiðarljósi og aðgreina staðbundin og óstaðbundin verkefni kennara. Um breytingar á vinnuskýrslu fer samkvæmt gr. 2.1.6.1.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela „Samráðshóp um innleiðingu kjarasamnings SÍS og KÍ vegna KÍ í grunnskólum borgarinnar“ frá september 2018 það verkefni að fylgja eftir framkvæmd bókunarinnar í skólum Reykjavíkur.